



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, Rvk. 10. febrúar 2020 kl. 16:30.

(Fundur nr. 7. frá Kópavogi)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Björn Traustason, Valgerður Auðunsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Laufey Hannesdóttir, Brynjólfur Jónsson, Páll Inghór Kristinsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

Dagskrá fundar

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
Samþykkt með lítilsháttar breytingum.
- 2. Bók um samskipti Íslands og Noregs**
Íslenskur texti handritsins er nú fullunninn. Eftir er að þýða textann á norsku og ganga frá myndefni. Óskar höfundur verksins álitur þriggja mánaða vinnu eftir og óskar eftir að tveir mánuði (1 m kr.) verði greitt fyrir það sem eftir. Eftir er einnig að semja um hvaða forlag verði fyrir valinu, en það verður að gera í samráði við Norðmenn.
- 3. Undirbúningur vegna 90 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands**
Þuríður sagði frá heimsókn til þjóðgarðsvarðar á

Þingvöllum, Einars Sæmundsen, þar sem rætt var um hvernig hagað skyldi móttökunni.

Björn skýrði frá undirbúningi sjálfs fundarins (embættismenn, fyrirlesarar, veislustjóri, hljómsveit o.s.frv.). Kynningarmyndband með drónamyndum yfir svæðin. Harmóníkuleikur, einsöngur (Diddú, Jóhannes Baldursson). Allt hljómar þetta mjög vel.

Afmælisdagurinn í 26. og 27. júní (fö. og laug.). Búið er að mynda ungmennaráð ungs fólks úr skógræktarfélögum og skátahreyfingunni sem mun sjá um þessa daga sem mun funda miðv. 12/2 kl. 20. Vonandi fara þau að geta sett fram hugmyndir að dagskrá.

4. Yfirlit um styrkumsóknir

Rannís-umsókn (Loftslagssjóð) um „innleiðingu stafrænnar rauntímakortlagningar skógræktar sem Sigríður Elefsen hefur sett saman. Skógræktarfélögum sem þátt taka í landgræðsluskógaverkefninu verði kennt að „trakka“ gróðursetningarsvæðin. Með því getum við náð betur utan um gróðursetningar. Sótt hefur verið um fjármögnun upp á 6,7 m kr.

Umsókn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða, vegna opins skógar í Sólbrekkum á Suðurnesjum (hönnun á aðstöðu, eldaskáli, kennsluástaða, salerni). Mikill stuðningur er við málið frá sveitarfélaginu (Reykjanesbæ). Áætlaður heildarkostnaður: 5,9 m kr., þ.a. mótframlag 1,2 m kr.

Styrkir úr skúffu umhverfis- og auðlindaráðherra minka milli ára. Rekstrarstyrkur sem hefur fram að þessu verið á fjárlögum lækkar úr 8.1 millj í 7,5 m kr. Þá fékkst 800 þús. kr. vegna European Forest Network, 500 þús. kr. vegna Opins skógar í Álfholtsskógi ekki fékkst styrkur til verkefnisins Líf í lundi í tengslum við 90 ára afmæli SÍ. Áherslur ráðherra í úthlutun styrkja er áhyggjuefni fyrir frjáls félagasamtök.

5. Önnur mál

Rótaskot virðist einungis hafa skilað 50% af tekjum fyrra árs. Brynjólfi falið að kanna hvort þeir sem borguðu fyrir 5 rótaskot en tóku aðeins eitt, hvernig var þetta skráð í bókhaldinu hjá Landsbjörgu.